# Að vefa utan





verkefnahefti




Hanna Ósk Helgadóttir







# vefstóls

MENNTAMÁLASTOFNUN

*Að vefa utan vefstóls*

ISBN 978-9979-0-2417-0

© 2019 Hanna Ósk Helgadóttir
© Ljósmyndir Hanna Ósk Helgadóttir
nema eftirfarandi:
Shutterstock bls. 9, 12, 13, 25, 29, 33,
37, 45, 53 og 57
Wikipedia bls. 17 og 21

Ritstjóri: Harpa Pálmadóttir
Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

1. útgáfa 2019
Menntamálastofnun
Kópavogi
Öll réttindi áskilin

Hanna Ósk Helgadóttir

# Að vefa utan vefstóls



MENNTAMÁLASTOFNUN

# Efnisyfirlit


Inngangur . . . 3

Tilgangur og markmið . . . 4

Hæfniviðmið . . . 5

Efni og áhöld . . . 5

1. Plaströrsfígúra . . . 6

2. a) Íspinnafjör – Skraut . . . 10

b) Íspinnafjör – Maríubjalla . . . 14

c) Íspinnafjör – Froskur . . . 18

3. Óhefðbundinn vefstóll . . . 22

4. a) Skrautsteinn – Fiskinet, einskefta . . . 26

b) Skrautsteinn – Fiskinet, vaðmál . . . 30

5. Skál fyrir hringi . . . 34

6. List í disk . . . 38

7. Hengdu mig upp . . . 42

8. Fjallið fagra . . . 46

9. Randalína . . . 50

10. Mottan mín . . . 54

Magn af garni . . . 58

Heimildir . . . 59

Hæfniviðmið fyrir textílmennt . . . 60

# Inngangur

Í verkefnaheftinu eru hugmyndir að verkefnum sem unnin eru fyrir utan hefðbundinn vefstól með endurnýtingu að leiðarljósi. Unnið er með fjölbreyttar vefuppistöður sem fá nýjan tilgang í tilverunni. Verkefnaheftið er hugsað bæði fyrir kennara og nemendur. Fyrir kennarann til að byggja upp vefnað í kennslu sinni og endurnýta efni og fyrir nemandann til að styðjast við.

Markmið verkefnaheftisins er að kynna og vekja áhuga nemenda á vefnaði sem er ein af grunnaðferðum textílgreinarinnar og að kenna grunnatriðin í vefnaði án mikillar fyrirhafnar og á skapandi hátt. Hægt er að leika sér með efniviðinn sem nýttur er í vefuppistöðuna á margan hátt og því má útfæra verkefnin á ýmsa vegu. Nemendur læra að vefa tvær aðferðir í vefnaði utan vefstóls, einskefta og vaðmálsvefnað, þar sem vefuppistaðan er endurnýtt og óhefðbundin og í tveimur verkefnanna læra þeir að vefja. Einskefta er einfaldasta vefnaðaraðferðin en vaðmálsvefnaður er aðeins flóknari en þar myndast skáhallandi og samsíða línur eftir tilbúna efninu. Nemendur vinna út frá fyrirmynd sem þeir velja sjálfir og sækja í hana innblástur.

Vefnaður á sér langa sögu á Íslandi og því mikilvægt að viðhalda verkkunnáttunni. Í vefnaði verður til binding á milli uppistöðu og ívafs en til þess þarf einhverja uppsetningu í vefstól eða ramma. Ekki er farið ofan í sögu og menningu textíls í verkefnaheftinu en gott er þó að ræða við nemendur um það hvernig vefnaður verður til, hver tilgangur hans sé og hversu stór þáttur hann er í gerð fatnaðar langt aftur í aldir, enda mun eldri en prjónaþekkingin. Að upplýsa þá um hvernig greina megi mismunandi ofin efni í fatnaði sem við klæðumst dags daglega. Einnig í ýmsum öðrum hlutum sem tilheyra heimilinu og umhverfi okkar eins og til dæmis í gardínum, sængurverum, áklæði á sófum, bílstólum og fleira.

Flétta inn í umræðuna mikilvægi þess að kunna skil á grunnþáttum vefnaðar, sögu hans og því sem er tengt menningunni hverju sinni þannig að samspil efnisflokkanna í aðalnámskránni fái notið sín; handverk og tækni í bland við sköpun, menningu og umhverfi.

Gert er ráð fyrir að heftið henti miðstigi grunnskólans, þ.e. 5.-7. bekk en þó má útfæra það fyrir yngsta og elsta stig. Uppbygging verkefnaheftisins er hugsuð frá einföldum verkefnum yfir í flóknari og fyrstu verkefnin henta vel fyrir þá sem aldrei hafa ofið áður. Verkefnunum fylgja grunnupplýsingar og leiðbeiningar í máli og myndum. Í hverju verkefni er aukið við þekkinguna með því að byggja ofan á frá því fyrsta og til þess síðasta og því verða þau örlítið flóknari með hverju verkefni fyrir sig. Heftið inniheldur tíu verkefni. Níu þeirra eru hugsuð sem einstaklingsverkefni en tíunda verkefnið er ætlað sem samvinnuverkefni nemanda sem þeir geta gripið í þegar þeir bíða eftir aðstoð kennara. Mögulegt væri að nýta það til dæmis sem skreytingu á vegg eða í glugga kennslustofunnar.

Hvert verkefni er byggt upp í þessari röð: heiti verkefnis, aldursstig, stutt lýsing, hæfniviðmið, samþætting (ef við á), markmið verkefnis, kveikja, efni og áhöld, leitarorð, verkefnið, myndir af ferlinu til leiðbeiningar, samræðuspurningar, listamenn og hugtök.

Nemendur velja sér sjálfir fyrirmynd fyrir verkefnin sín til að vinna út frá, hvernig liti þeir vilja nota, áferð og form. Leiðbeiningar við hvert verkefni er í mest tíu punktum og við nokkra punkta eru merktar myndir þar sem aðferðin er sýnd á tilheyrandi mynd. Heftið er vel sett upp og ætti því að vera lítið mál fyrir nemendur að fylgja leiðbeiningum þess við vefnaðinn.

# Tilgangur og markmið

## UM VERKEFNIN

Í hverju verkefni koma fram grunnupplýsingar eins og hvað þarf í verkið, aðferð og myndir. Skæri og nál eru ekki tekin fram í hverju verkefni fyrir sig en gert er ráð fyrir að þau þurfi í flestum tilvikum. Einnig er ekki tekið fram í leiðbeiningum þegar þarf að klippa en gert er ráð fyrir að nemendur átti sig á hvenær þess er þörf.

Í verkefnunum er lært að vefa og vefja. Við vefnað þar sem einskefta (mynd 1) er notuð er ívafsþráðurinn í einni umferð látinn fara undir og yfir hvern uppistöðuþráð til skiptis og í næstu umferð á sama hátt nema öfugt við fyrri umferð. Þannig verður til binding á milli uppistöðu og ívafs. Í vaðmálsvefnaði (mynd 2) myndast skáhallandi línur í tilbúna efninu (eins og algengt er í gallabuxum) og gerist það þannig að binding þráðanna færist til um einn þráð (Sigríður Halldórsdóttir, 1965, bls. 3, 6). Í flestum verkefnum þar sem ofið er, þá er notaður einskeftuvefnaður en líka er hægt að nota vaðmálsvefnað í verkefnunum Óhefðbundinn vefstóll, ef uppistaðan er höfð aðeins breiðari, og í Fjallinu fagra. Þar sem nemendur vefja er farið í kringum ísspýturnar á sérstakan hátt (mynd 3). Þegar uppistöðuþráðurinn er vafinn er verið að vefja í kringum hlutinn.

Uppistaðan í verkefnunum þarf að vera ofin þéttingsfast í vefuppistöðuna til þess að vefnaðurinn verði sem fallegastur. Þegar ofið er með ívafinu þarf að passa að vefa ekki of fast því þá myndast spenna í vefnaðinum. Í sumum verkefnum þarf að þjappa ívafinu niður þar sem leitast er eftir að fá fyllingu í vefnaðinn en hins vegar á það ekki alltaf við og þá er það tekið fram. Þegar byrja á að nota annan lit af garni er sá sem klárast annaðhvort hnýttur við þann nýja eða látinn festast með nýja þræðinum í vefnaðinum.



**Mynd 1** Einskefta



**Mynd 2** Vaðmálsvefnaður

- **Ívaf:** þræðir sem liggja þvert yfir voð, þ.e. liggja hornrétt á uppistöðuna. Voð er ofið efni.
- **Uppistaða:** þræðir sem liggja langsum eftir voð (efni) og bindast ívafi sem liggur þvert (hornrétt) á þá.
- **Einskefta (e. plain weave)**: er talin einfaldasta vefnaðargerðin. Um er að ræða vefnaðargerð þar sem ívafsþráðurinn liggur til skiptis yfir og undir einn uppistöðuþráð og öfugt við næsta fyrirdrag.
- **Vaðmálsvefnaður (e. twill weave)**: myndar skáhallar línur sem eru samsíða upp eftir öllum vefnaðinum. Algengasta gerðin af þessum vefnaði er þegar ívafið fer yfir og undir tvo vefuppistöðuþræði (2/2 vaðmál).

# Hæfniviðmið

Á bls. 62 má sjá hvernig hvert og eitt verkefni fellur að hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 7. bekkjar. Aðlaga má verkefnin þannig að þau falli undir fleiri hæfniviðmið. Eins er hægt að aðlaga sum verkefnin að hæfniviðmiðum á yngsta stigi, sérstaklega fyrstu verkefnin og að unglingastigi.



# Efni og áhöld

Í verkefnin eru notuð fjölbreytt efni og áhöld þar sem um óhefðbundin vefnaðarverkefni er að ræða. Hér fyrir neðan er listi yfir allt sem notað var í verkefnin.

**Áhöld sem notuð eru í verkefnin eru:**

- Gróf nál
- Skæri
- Borvél til að bora í húllahring
- Naglar til að negla trébúta saman
- Hamar
- Hnífur til þess að móta fyrir uppistöðu garni í frauðhring og trjágreinar
- Bómullargarn, þykkt bómullargarn, Léttlopi, Álafosslopi, snæri, skrautgarn og akrýlgarn
- Ísspýtur – bæði tré og plast
- Plaströr
- Frauðhringur
- Húllahringur
- Herðatré
- Pappadiskur
- Bylgjupappi
- Trébútar
- Trjágreinar
- Steinar
- Föndur augu
- Akrýlmálning

# 1. Plaströrsfígúra

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur velja sér fyrirmynd eða teikna sjálfir fígúru. Vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað fram og til baka. Skreyta síðan verkið með einföldum aðferðum textílmenntar.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

Um það bil 4-6 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við íslensku og biðja nemendur um að búa til sögu út frá plaströrsfígúrunni. Einnig væri hægt að nýta það inn í samfélagsgreinar og útbúa t.d. þemaverkefni um samfélagið. Hver og einn nemandi býr til sína fígúru, nemendur búa til þorp og útbúa heilt samfélag.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur velji sér fyrirmynd eða teikni hana sjálfir og vinna út frá henni,
- nemendur rifji upp hvernig á að vefa ef þeir hafa ofið áður,
- læra að vefa ef nemendur hafa ekki ofið áður,
- búa til skemmtilega fígúru sem hægt er að nota sem skraut, til dæmis í glugga.



## KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum mynd af barni í leik að vori til. Sólin er lágt á lofti og skuggi varpast á grasflötina. Vakin er athygli nemenda á skugganum sem myndast en honum er hægt að líkja við plaströrsfígúru. Segja má að fígúran lifni við þegar hún er tilbúin eins og börn á vorin þegar veður verður betra og allir fara út að leika.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Papparör eða plaströr
- Garn: Lopi, bæði Álafoss- og Léttlopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Gróf nál
- Föndur augu

## LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving,* einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist*, fræhnútur, afturstingur, þræðispor.

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, ívaf, uppistaða, endurnýting.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðaraðferð: einskefta fram og til baka

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá, einnig mega nemendur teikna fígúru á blað þar sem þeir velja síðan liti á föt og hár og vinna síðan út frá þeirri teikningu.
2. Veljið spotta í hár, föt og andlit og sækið 4 rör og uppistöðugarn, mynd 1.
3. Klippið beygjurnar ofan af rörunum eða notið bein rör. Dragið uppistöðugarnið í gegnum rörin með nál og bindið endana saman efst mynd 2.
4. Veljið lit í hárið og klippið 6 jafnlanga spotta. Takið hárspottana og vefið með fingrunum hvern og einn yfir og undir rörin sitt á hvað, mynd 3. Hafið hárspottana jafnlanga til hliðar við rörin báðum megin.
5. Skiptið 6 spottum í þrjú pör og fléttið fléttur sitthvoru megin við rörin, mynd 4.
6. Byrjið að vefa með litnum sem valinn var fyrir andlit, mynd 5.
7. Gerið hendurnar eins og hárið með viðeigandi lit.
8. Vefið búkinn og efri hlutann á buxunum eins og andlitið.
9. Vefið fætur á tvö rör hvorn fót. Fyrst með buxnalitnum og síðan öðrum lit fyrir fætur eða skó, mynd 6 og 7.
10. Dragið rörin úr og hnýtið uppistöðugarnið neðst við hvorn fót, mynd 8.
11. Losið hnútinn efst á uppstöðugarninu og hnýtið tvö og tvö bönd saman og síðan einn hnút efst til að hengja upp með, mynd 9.
12. Límið föndur augun á eða saumið í með sporum eins og fræhnút eða flatsaum. Munnurinn er saumaður í með þræðispori eða aftursting. Hægt er að skreyta fígúruna að vild.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvernig finnst ykkur að vinna út frá fyrirmynd, ykkar eigin eða annarri?
- Hvernig gekk að teikna samkvæmt verkefnalýsingunni?


mynd 1


mynd 2


mynd 3


mynd 4


mynd 5


mynd 6


mynd 7


mynd 8


mynd 9



# 2.a Íspinnafjör – Skraut

**STUTT LÝSING**

Verkefnið felur í sér að nemendur velja sér fyrirmynd til að vinna eftir eða teikna sjálfir. Nemendur vefja einskeftuvefnað á einfaldan hátt í kringum ísspýtur.

**HÆFNIVIÐMIÐ**

Sjá á bls. 62.

**TÍMALENGD**

U.þ.b. 5 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemanda og útfærslu kennara.

**GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR**

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

**SAMÞÆTTING**

Hægt er að samþætta verkefnið með hönnun og smíði þar sem nemendur t.d. tálga tvær greinar í stað ísspýtnanna og vefja í kringum þær.

**MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ**

- leyfa nemendum að velja sér fyrirmynd og vinna á sjálfstæðan hátt út frá henni,
- vefja eftir fyrirmynd með óhefðbundinni vefuppistöðu þar sem tvær ísspýtur eru límdar saman og vafið í kringum þær,
- leyfa sköpunargáfu nemenda að ráða.

**KVEIKJA**

Nemendum eru sýndar ísspýtur og þeir spurðir hvað sé hægt að búa til úr þeim. Er hægt að búa til eitthvað með notagildi í huga eða eingöngu sem skart. Kennari sýnir nemendum fallega hluti sem hafa ýmsan tilgang. Hann getur t.d. verið með einhverja hluti á staðnum eða sýnt þá upp á vegg af skjávarpa eða í bókum. Nemendur og kennari ræða um hvað það sé gaman að hafa fallegt í kringum sig, það þarf ekki að kosta mikið eins og hluturinn sem nemendur ætla að búa til sannar.



**EFNI OG ÁHÖLD**

- Ísspýtur
- Lím og límbyssa
- Garn: Lopi, bæði Álafoss- og Léttlopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Nál og/eða næla
- Fingur notaðar til þess að vefja

**LEITARORÐ:**

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist.*

**LISTAMENN**

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat

**HUGTÖK**

Vefnaður, einskefta, endurnýting.



**VERKEFNIÐ**

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Veljið fyrirmynd eða teiknið hana sjálf til að vinna út frá.
2. Límið ísspýturnar saman með límbyssunni og látið kólna, mynd 1.
3. Bindið garnið við spýturnar, mynd 2.
4. Vefjið garnið nokkra hringi utan um spýturnar þar sem þær mætast, mynd 3.
5. Haldið áfram að vefja garnið og skiptið um liti eftir því sem þið viljið. Nýr litur er hnýttur við gamla litinn, mynd 4.
6. Í lokin er vafið með skrautgarni. Lítill munur er á fram- og bakhlið hlutarins.
7. Takið spotta af garni og þræðið á nál og stingið í gegnum vafninginn í efstu brún.
8. og búið til lykkju til að hengja upp, mynd 5.
9. Hengið upp eða festið nælu aftan á og nýtið sem skraut á flík.

**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvernig finnst ykkur að vinna út frá fyrirmynd, ykkar eigin eða annarri?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingu?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5

# 2.b Íspinnafjör – Maríubjalla

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað í hring. Þeir velja sér fyrirmynd eða teikna hana sjálfir.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

Um það bil 4-6 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við náttúrugreinar, þar sem nemendur skoða maríubjöllur og fræðast um hana áður en þeir búa til sína eigin. Einnig er hægt að samþætta íslensku þar inn í og búa til sögu um maríubjölluna.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað í hring með óhefðbundinni vefuppistöðu sem samanstendur af þremur ísspýtum sem eru límdar saman,
- leyfa sköpunargáfu nemenda að ráða og leyfa þeim að velja sér fyrirmynd eða teikna og vinna á sjálfstæðan hátt út frá henni.



## KVEIKJA

Kennari kemur með fræðslu um maríubjöllur og sýnir nemendum myndir. Leyfir síðan nemendum að skoða myndir af maríubjöllum í bókum eða tölvu og fræðast um hana. Nemendur velti fyrir sér litum og formum á maríubjöllunni og teikna loks eigin útgáfu af maríubjöllu og nýta sem fyrirmynd í verkefnið.

Önnur hugmynd er að fara með nemendur út að skoða skordýr. Þeir hafa með sér skissubók og skissa upp mynd af skordýrinu. Þeir geta síðan notað skissuna sem innblástur í maríubjölluna/skordýrið.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Ísspýtur
- Nál
- Lím og límbyssa
- Garn: Léttlopi eða annað garn sem hentar, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Tölva, s.s. spjaldtölva, snjallsími eða tölva og skjávarpi (valfrjálst)

## LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving*, einskefta, fræhnútur, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist*.

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, endurnýting, fræhnútur.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Nemendur velja fyrirmynd til að vinna út frá eða teikna sitt eigið skordýr og vinna út frá því.
2. Límið ísspýturnar saman með límbyssunni og látið kólna, mynd 1.
3. Bindið garnið utan um miðjuna þar sem spýturnar mætast, mynd 2.
4. Vefið nokkra hringi utan um spýturnar, undir og yfir til skiptis, mynd 3.
5. Vefið síðan með því að fara með bandið undir og yfir hverja ísspýtu í 2-3 hringi. Í fjórða hring þarf að fara undir tvær spýtur í einu og síðan venjulega eftir það. Þetta er gert til þess að garnið krossist á milli spýtnanna. Endurtakið þessar 4 umferðir þar til smá bútur er eftir af ísspýtunum. Sami litur er notaður í alla hringina, mynd 4.
6. Til að útbúa hausinn á bjöllunni er vafið með nýjum lit í kringum tvær ísspýtur, mynd 5. Þegar komið er að götunum er farið í gegnum þau, inn að framan, út að aftan og yfir í næsta gat þar til komið er út á enda spýtnanna. Gangið frá endanum.
7. Takið þrjá jafnlanga spotta og fléttið saman og gerið hnút á báða enda, mynd 6.
8. Takið fléttaða bandið og stingið inn í endann á hausnum og aftur út svo þeir myndi einskonar fálmara, mynd 7. Einnig geta nemendur búið til fálmara með öðrum leiðum s.s. pípuhreinsurum, járni eða tré.
9. Doppur ofan á maríuhænunni eru gerðar með því að nota grófa nál og garn. Farið upp á nokkrum stöðum á réttuna og gerið 1-2 venjulega hnúta eða fræhnúta og farið síðan aftur niður, gangið frá endanum, mynd 8.
10. Búið til lykkju til að hengja bjölluna upp.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvernig finnst ykkur að vinna út frá fyrirmynd, ykkar eigin eða annarri?
- Hvernig gekk að fara eftir verklýsingunni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við maríubjöllurnar?
- Hvaða fleiri dýr er hægt að útbúa á þennan hátt?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6



mynd 7



mynd 8



# 2.c Íspinnafjör – Froskur

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað í hring. Þeir velja sér fyrirmynd eða teikna hana sjálfir.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

Um það bil 4-6 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við náttúrugreinar. Nemendur skoða froska, fræðast um þá og búa til sinn eiginn. Einnig er hægt að samþætta við íslensku og útbúa sögu um frosk.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað í hring með óhefðbundinni vefuppistöðu sem samanstendur af þremur ísspýtum sem eru límdar saman. Þar sem þær mynda slétta tölu krefst það þess að nemendur hoppi yfir tvær spýtur til þess að garnið krossist á milli spýtnanna og hylji ísspýturnar,
- leyfa sköpunargáfu nemenda að ráða og leyfa þeim að velja sér fyrirmynd eða teikna og vinna á sjálfstæðan hátt út frá henni.

**KVEIKJA**

Kennari fræðir nemendur um froska og sýnir þeim myndir. Leyfir þeim síðan að skoða myndir af froskum í bókum eða tölvu og fræðast um þá. Nemendur velta fyrir sér lögun og litum froska og teikna loks sína útgáfu af froski og nýta sem fyrirmynd í verkefnið. Önnur hugmynd er að fara með nemendur út að skoða skordýr. Þeir hafa með sér skissubók og skissa upp mynd af skordýrinu. Þeir geta síðan notað skissuna sem innblástur í froskinn.

**EFNI OG ÁHÖLD**

- Ísspýtur
- Lím og límbyssa
- Garn: Léttlopi eða annað garn sem hentar, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Föndur augu
- Tölva, s.s. spjaldtölva, snjallsími eða tölva og skjávarpi (valfrjálst)

**LEITARORÐ:**

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist.*

**LISTAMENN**

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat

**HUGTÖK**

Vefnaður, einskefta, endurnýting.



**VERKEFNIÐ**

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Nemendur velja fyrirmynd eða teikna sjálfir frosk sem þeir síðan vinna út frá.
2. Límið ísspýturnar saman með límbyssunni og látið kólna, **mynd 1.**
3. Bindið garnið um miðjuna þar sem spýturnar mætast (**mynd 2 á bls. 19**).
4. Vefið nokkra hringi utan um spýturnar, undir og yfir til skiptis (**mynd 3 á bls. 19**).
5. Vefið síðan með því að fara með bandið undir og yfir hverja ísspýtu í 2-3 hringi. Í fjórða hring þarf að fara undir tvær spýtur í einu og síðan venjulega eftir það. Þetta er gert til þess að garnið krossist á milli spýtnanna. Endurtekið þar til smá bútur er eftir af ísspýtunum. Sami litur er notaður í alla hringina (**mynd 4 á bls. 19**).
6. Til að útbúa hausinn á froskinn er vafið með nýjum þræði í kringum tvær ísspýtur. Þegar komið er að götunum er farið í gegnum þau, inn að framan og út að aftan og yfir í næsta gat, þar til komið er út á enda spýtnanna (**mynd 5 á bls. 19**).
7. Takið 4 þræði og vefjið um fætur frosksins og felið að lokum endana, **mynd 2.**
8. Límið augu á eða leyfið nemendum að búa til augu á annan hátt.
9. Búið til lykkju til að hengja froskinn upp, **mynd 3.**

**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvernig finnst ykkur að vinna út frá fyrirmynd, ykkar eigin eða annarri?
- Hvernig gekk að vinna eftir verkefnalýsingu?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við froska og verkefnið sem þið unnuð?



mynd 1



mynd 2



mynd 3

# 3. Óhefðbundinn vefstóll

**STUTT LÝSING**

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftu vefnað í óhefðbundnum vefstól. Hann er þó líkastur hefðbundnum vefstól af þeim vefuppistöðum sem eru í öðrum verkefnum.

**HÆFNIVIÐMIÐ**

Sjá á bls. 62.

**TÍMALENGD**

U.þ.b.  4-6 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

**GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR**

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð

✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

**SAMÞÆTTING**

Hægt er að samþætta þetta verkefni við hönnun og smíði. Nemendur smíða sinn eigin, óhefðbundna vefstól og velja stærð á hann. Þá er hægt að nýta hann í textílmennt fyrir vefnað. Einnig er hægt að samþætta verkefnið við upplýsinga- og tæknimennt þar sem nemendur afla sér upplýsinga um sögu vefnaðar á Íslandi. Þeir búa því næst til kynningu að eigin vali um ákveðinn hluta sögunnar og flytja fyrir samnemendur og kennara. Einnig er hægt að hafa sýningu og kynningu fyrir foreldra.

**MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ**

- kynna nemendum fyrir óhefðbundnum vefstól (sem þó er líkur hefðbundnum vefstól),
- ynna vefnaðinn sem er einfaldur einskeftuvefnaður með tvöfaldu garni sem gefur aðeins meiri þrívídd í verkið sem er hugsað sem skúlptúr eða bókastoð,
- bjóða upp á að vefa flóknari vefnað, nota vefnaðaraðferðina vaðmál og hafa uppistöðuna breiðari.

### KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum myndir eða myndbönd af vefstólum, bæði gömlum og nýjum og fræðir þá um sögu vefstólsins. Hann sýnir þeim mismunandi ofið efni og bendir þeim á hversu fínlegt það getur verið og gróft. Einnig má kveikja áhuga nemenda á vefnaði með því að spyrja þá út í hvar þeir sjái vefnað hér og nú (föt, gardínur ...).



### EFNI OG ÁHÖLD

- 2x trékubbar, breidd eftir því hve breiður vefnaðurinn á að vera
- Naglar
- Nál til þess að vefa
- Garn: Lopi, bæði Álafoss- og Léttlopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá



### LEITARORÐ:

Vefnaður, ***weaving***, einskefta, vaðmál, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, ***textile artist***.

### LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.



### HUGTÖK

Vefnaður, vefstóll, einskefta, vaðmál, endurnýting.

**VERKEFNIÐ**

Vefnaðaraðferð: einskefta fram og til baka, hægt að nota vaðmálsvefnað

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá, t.d. bókastoð, skúlptúr eða bókamerki.
2. Finnið tvo trékubba og neglið saman, mynd 1.
3. Vefjið uppistöðugarninu um trékubbana þannig að það myndi oddatölu, mynd 3.
4. Festið ívafsgarnið sem er notað tvöfalt við uppistöðugarnið, mynd 5.
5. Byrjið að vefa einskeftu fram og til baka með nálinni, mynd 6.
6. Vefnaðurinn er ekki þjappaður saman heldur leyft að vera svolítið grófur.
7. Hægt er að vefa í fleiri litum ef áhugi er fyrir því.
8. Gangið frá endum og verkinu eins og það á að vera.





**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hafið þið velt því fyrir ykkur hvernig efni eða fötin ykkar eru búin til?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?


mynd 1


mynd 2


mynd 3


mynd 4


mynd 5


mynd 6


mynd 7


mynd 8


mynd 9

# 4.a Skrautsteinn – Fiskinet, einskefta

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu. Steinar voru notaðir til þess að halda fiskinetum niðri hér áður fyrr og því má segja að tenging sé á milli vefnaðar og steina.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

U.þ.b. 4 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð

✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við samfélagsgreinar. Taka fyrir sögu um fiskiveiðar, hvernig net eru gerð og tilgang steina í þeim.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- vefa einskeftuvefnað þar sem ofið er utan um stein,
- kynna fyrir nemendum hlutverk vefnaðar í daglegum störfum,
- búa til einfalt hilluskraut með vefnaði,
- nemendur fái tilfinningu fyrir hvernig ofin eru fíngerð sjöl þar sem um fíngert garn er að ræða bæði í ívafi og uppistöðuþræði.



## KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum stein og spyr hvert notagildi hans sé. Nemendur nefna dæmi (bókastoð, blaðapressa, hurðastoppari ...). Hann sýnir myndir eða myndband þar sem sést hvernig steinar voru notaðir til þess að halda niðri fiskinetum. Nemendur fara út og finna steina sem henta fyrir verkefnið. Kennari sýnir nemendum mismunandi ofin sjöl og leyfir þeim að fá tilfinningu fyrir hversu fíngerð mörg þeirra eru.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Steinn
- Nál
- Garn: Bómullargarn
- Ofið eftir fyrirmynd í grunnupplýsingum
- Nál notuð til þess að vefa

## LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist*.

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, endurnýting, ívafsgarn, uppistöðugarn.

**VERKEFNIÐ**

**Vefnaðaraðferð: einskefta utan um stein**

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá.
2. Finnið stein sem hægt er að vefa utan um, **mynd 1**.
3. Vefjið uppistöðugarninu um steininn þannig að þræðirnir myndi oddatölu, **mynd 2**.
4. Festið ívafsgarnið við uppistöðugarnið, **mynd 3**.
5. Byrjið að vefa eftir mynd um einskeftan vefnað í grunnupplýsingum.
6. Vefið þannig að farið er hringinn í kringum steininn eftir hverja umferð, **mynd 5**.
7. Gangið frá endanum.

**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvernig fannst ykkur að vefa utan um stein?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingu?
- Hvaða notagildi sjáið þið í þessu verki?



mynd 1



mynd 2




mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6



mynd 7



mynd 8

# 4.b Skrautsteinn – Fiskinet, vaðmál

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa eftir vaðmáls vefnaðaraðferðinni þar sem þeir fara eftir fyrirmynd. Steinar voru notaðir til þess að halda fiskinetum niðri hér áður fyrr og því má segja að tenging sé á milli vefnaðar og steina.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

U.þ.b. 4-6 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING NÁMSGREINA

Hægt er að samþætta verkefnið við samfélagsgreinar. Taka t.d. fyrir sögu um fiskiveiðar, hvernig netin voru gerð og tilgang steina í þeim.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- kenna nemendum að fara eftir fyrirmynd um vefnaðaraðferðina vaðmál þar sem hún er aðeins flóknari en af henni eru til mörg afbrigði,
- kynna fyrir nemendum hlutverk vefnaðar í daglegum störfum,
- kynna fyrir nemendum flóknari vefnaðaraðferðir til að þeir öðlist innsýn í þær.



### KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum myndir af vefnaði þar sem vaðmálsaðferðin er notuð. Hann kynnir fyrir þeim nokkur afbrigði.

### EFNI OG ÁHÖLD

- Steinn
- Nál
- Garn: Léttlopi og Álafosslopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Ofið eftir fyrirmynd í grunnupplýsingum
- Nál til þess að vefa

### LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving*, einskefta, vaðmál, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist*.

### LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

### HUGTÖK

Vefnaður, vaðmál, endurnýting.

**VERKEFNIÐ**

Vefnaðaraðferð: vaðmálsvefnaður

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá.
2. Finnið stein sem hægt er að vefa utan um, **mynd 1**.
3. Vefjið uppistöðugarninu um steininn þannig að þræðirnir myndi slétta tölu og festið ívafsgarnið við uppistöðugarnið á einum stað (sjá **mynd 3**, bls. 31).
4. Byrjið að vefa eftir mynd um vaðmálsvefnað, sjá **mynd 2** á bls. 7.
5. Í fyrstu umferð er ívafsþráðurinn látinn fara undir tvo og yfir tvo uppistöðuþræði til skiptis, í næstu umferð þá færist þetta um einn þannig að fyrst er farið undir einn uppistöðuþráð og síðan yfir tvo og þannig koll af kolli.
6. Vefið þannig að farið er hringinn í kringum steininn eftir hverja umferð, **mynd 2**.
7. Gangið frá endanum.

**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvernig fannst ykkur að vefa utan um stein?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Hvaða notagildi sjáið þið í þessu verki?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5

# 5. Skál fyrir hringi



### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu en þurfa jafnframt að mæla út fyrir uppistöðuþræðinum. Vefuppistaðan er frauðhringur. Alltaf er gaman að láta á reyna með óhefðbundin efni og má segja að áskorun verkefnisins feli meðal annars í sér að sjá hvort nemendur geti nýtt þess konar efni í verkefnum án þess að skólastofan verði öll í hvítu frauðplasti.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

U.þ.b. 6-8 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING NÁMSGREINA

Hægt er að samþætta verkefnið við stærðfræði þar sem nemendur mæla sjálfir fyrir uppistöðuþráðunum og því hægt að þjálfa þá í slíkum mælingum.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- mæla fyrir uppistöðuþráðum og leika sér með litaval eftir fyrirmyndinni,
- vefa einskeftuvefnað í hring,
- nemendur geti nýtt þess konar efni í verkefnum án þess að skólastofan verði öll í hvítu frauðplasti.



**KVEIKJA**

Kennari sýnir nemendum listaverk sem hafa mismunandi undirstöður/uppistöður og bendir þeim á að ekki þurfi alltaf að fara hefðbundnar leiðir þegar kemur að því að skapa.

**EFNI OG ÁHÖLD**

- Frauðhringur
- Hnífur
- Garn: Bómullargarn, Léttlopi og Álafosslopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá

**LEITARORÐ:**

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist.*

**LISTAMENN**

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

**HUGTÖK**

Vefnaður, einskefta, endurnýting.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá.
2. Takið vefuppistöðu sem er að þessu sinni frauðhringur, **mynd 1**.
3. Notið hníf til þess að móta línur í frauðið fyrir uppistöðuþráðinn til þess að halda honum á sínum stað. Hafið rúmlega 5 cm á milli og uppistaðan þarf að vera í oddatölu, **mynd 2**.
4. Vefjið uppistöðugarninu (bómullargarninu) um frauðhringinn, **mynd 3**.
5. Byrjið að vefa eins og **myndir 4 og 5** sýna sem er einskeftuvefnaður. Ofið er örlítið fast til þess að vefnaðurinn vindi upp á sig og myndi skál. Aðeins er ofið í efra uppistöðugarnið.
6. Skipt er um lit að vild og ofið þangað til skálin er orðin nógu stór, **mynd 6**.
7. Uppistöðugarnið er klippt frá frauðhringnum og endar hnýttir saman og faldir í lopanum, **mynd 7**.
8. Skálin er að lokum mynduð með fingrunum, **mynd 8**.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að mæla fyrir uppistöðuþráðunum?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?


mynd 1


mynd 2


mynd 3


mynd 4


mynd 5


mynd 6


mynd 7


mynd 8


mynd 9

# 6. List í disk

## STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu, mála bakgrunn í verkið og mæla fyrir uppistöðuþráðunum.

## HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

## TÍMALENGD

U.þ.b. 6-10 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

## GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

## SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við sjónlistir. Nemendur mála listaverk á pappann og vinna síðan með hann í textílmennt og vefa.

## MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur læri að mæla fyrir uppistöðuþráðum og festa þá með aðeins flóknari hætti en áður,
- mála bakgrunn út frá fyrirmynd,
- vefa á einfaldan hátt einskeftuvefnað fram og til baka.



**KVEIKJA**

Kennari sýnir nemendum myndir þar sem er dýpt og þar sem notaðir eru fleiri en einn miðill eins og gert er í þessu verkefni. Hann sýnir þeim verk eftir listamenn sem blanda nokkrum aðferðum saman í verk sín eins og textíl, málningu og viði eða öðru sem þeir nota í list sína.

**EFNI OG ÁHÖLD**

- Pappadiskur
- Akrýlmálning
- Skæri
- Garn: Einband, Léttlopa og Álafosslopa, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá

**LEITARORÐ:**

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat*, textile artist.*

**LISTAMENN**

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

**HUGTÖK**

Vefnaður, einskefta, endurnýting, Einband.

## VERKEFNIÐ

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá.
2. Veljið stífan pappadisk sem vefuppistöðu til að halda uppi verkinu.
3. Klippið 12 hök ofan í diskinn, **mynd 1**.
4. Málið bakgrunn á diskinn, **mynd 2**.
5. Festið Einbandið í hökin neðst á disknum, **mynd 3**.
6. Einbandið er notað sem uppistaða í vefnaðinn, **mynd 4 og 5**.
7. Festið ívafið í uppistöðuna með litlum hnút og felið endann þegar byrjað er að vefa, **mynd 6**.
8. Ofið fram og til baka einskeftuvefnað þar til verkið er tilbúið, **mynd 7** og **8**.







## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að mæla fyrir uppistöðuþráðunum?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Er dýpt í verkinu sem þið bjugguð til? Hvernig sjáið þið hvort svo sé?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6



mynd 7



mynd 8

# 7. Hengdu mig upp



### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftu-vefnað í óhefðbundna vefuppistöðu. Þeir móta uppistöðuna eftir eigin höfði og festa uppistöðuþræðina í og vefa.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

U.þ.b. 8-10 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Tilvalið er að samþætta verkefnið við sjónlistir og hvetja nemendur til að kynna sér litasamsetningu, mun á heitum og köldum litum o.s.frv.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur móti vefuppistöðuna eftir eigin höfði þar sem um er að ræða járnherðatré sem hægt er að móta hvernig sem er,
- festa uppistöðuþræðina í vefuppistöðuna og vefa einskeftivefnað,
- leyfa sköpunargáfu nemenda að njóta sín um leið og þeir fást við krefjandi verkefni.



## KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum ýmsa hluti sem hægt er að vefa í og fær þá til að opna augun fyrir því að ýmsar leiðir eru færar. Eina sem þarf er að leyfa hugmyndafluginu að ráða og prufa sig áfram.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Járnherðatré
- Garn: bómullargarn í uppistöðu
- Akrýlgarn í ívaf eða annað sem hentar og tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá

## LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textileartist*.

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt,Terra Fuller, Tammy Kanat.

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, endurnýting.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá og hugið að litasamsetningu.
2. Veljið herðatré til að nota í vefuppistöðu, **mynd 1**.
3. Beyglið það á þann veg sem þið viljið að verkið líti út, **mynd 2**.
4. Bindið uppistöðugarnið í vefuppistöðuna og strekkið þvert yfir og hnýtið í járnið, **mynd 3**.
5. Eitt band er hnýtt frá miðju og út í jaðar til að uppistöðuþræðirnir myndi oddatölu, **mynd 4** og **5**.
6. Byrjið að vefa með fyrsta lit, endinn er látinn festast þegar fyrsta umferðin er ofin, **mynd 6**.
7. Þegar skipt er um lit er nýi liturinn hnýttur við fyrri litinn og hnúturinn látinn lenda á röngunni.
8. Ofið er þar til verkið er tilbúið.
9. Gangið frá endum, **mynd 8**.
10. Verkið má hengja upp í glugga eða á vegg. Einnig er hægt að taka verkið úr herðatrénu þá þarf að ganga frá endunum sem festir eru í herðatréð.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að mæla fyrir uppistöðuþráðunum?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að vefa í uppistöðu sem er ekki alveg regluleg í laginu?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6



mynd 7



mynd 8

# 8. Fjallið fagra

## STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu, þar sem nemendur búa til vefuppistöðu sína sjálfir og vefa síðan í hana.

## HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

## TÍMALENGD

U.þ.b. 8-10 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

## GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

## SAMÞÆTTING

Verkefnið má samþætta við náttúrugreinar og fræða nemendur um tré. Þeir fara síðan út og hver og einn velur sér grein sem hefur fallið af tré og notar hana í uppistöðu fyrir vefnaðinn.

## MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur læri að festa saman vefuppistöðuna og móta síðan fyrir uppistöðuþráðunum í trjágreinarnar til þess að þeir sitji fastir þegar byrjað er að vefa,
- Nemendur læri að láta vefuppistöðu sem er óhefðbundin í laginu, sitja rétt á meðan ofið er,
- Nemendur vefa einskeftivefnað (einnig er möguleiki á að vefa með vaðmálsaðferðinni í þessu verkefni).



**KVEIKJA**

Kennari sýnir nemendum listaverk þar sem uppistaða þeirra er óhefðbundin og bendir þeim á að hægt er að hugsa út fyrir kassann þegar kemur að efniviði í verkefnum.

**EFNI OG ÁHÖLD**

- Þrjár trjágreinar
- Hnífur eða skæri
- Garn: bómullargarn í uppistöðu
- Lopi í ívafi, bæði Álafoss- og Léttlopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Nál notuð til þess að vefa

**LEITARORÐ:**

Vefnaður, *weaving*, einskefta, vaðmál, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist.*

**LISTAMENN**

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

**HUGTÖK**

Vefnaður, einskefta, vaðmál, endurnýting.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá og hugið að litasamsetningu.
2. Veljið herðatré til að nota í vefuppistöðu, **mynd 1**.
3. Beyglið það á þann veg sem þið viljið að verkið líti út, **mynd 2**.
4. Bindið uppistöðugarnið í vefuppistöðuna og strekkið þvert yfir og hnýtið í járnið, m**ynd 3**.
5. Eitt band er hnýtt frá miðju og út í jaðar til að uppistöðuþræðirnir myndi oddatölu, **mynd 4** og **5**.
6. Byrjið að vefa með fyrsta lit, endinn er látinn festast þegar fyrsta umferðin er ofin, **mynd 6**.
7. Þegar skipt er um lit er nýi liturinn hnýttur við fyrri litinn og hnúturinn látinn lenda á röngunni.
8. Ofið er þar til verkið er tilbúið.
9. Gangið frá endum, **mynd 8**.
10. Verkið má hengja upp í glugga eða á vegg. Einnig er hægt að taka verkið úr herðatrénu þá þarf að ganga frá endunum sem festir eru í herðatréð.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að mæla fyrir uppistöðuþráðunum?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að vefa í uppistöðu sem er ekki alveg regluleg í laginu?



mynd 1



mynd 2



mynd 3



mynd 4



mynd 5



mynd 6



mynd 7



mynd 8

# 9. Randalína

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu, þar sem nemendur búa hana til sjálfir og vefa síðan í hana. Verkefnið er töluvert flóknara en fyrri verkefni, þar sem hér þarf að búa til hringlaga form og mæla nákvæmlega jafn breið bil, með jöfnu millibili allan hringinn. Síðan að klippa rifur í vefuppistöðuna sem virka þá eins og uppistöðuþræðir sem svo er ofið í.

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

U.þ.b. 8-10 x 40 mín, mismunandi eftir hverjum og einum nemenda og útfærslu kennara.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð
✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Verkefnið er hægt að samþætta við stærðfræði, þar sem nemendur þurfa að mæla sjálfir fyrir uppistöðunum sem eru hluti af verkinu sjálfu.

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur búi til hringlaga form og mæli nákvæmlega jafn breið bil, með jöfnu millibili allan hringinn og klippi rifur í það. Búi þannig til vefuppistöðu,
- þjálfa nemendur í að vefa þar sem vefuppistaðan og ívafið, sem er snæri, eru frekar óþjál og eingöngu unnið með fingrunum. Því er mikilvægt að nemendur einbeiti sér við vefnaðinn, þannig að þeir missi ekki ívafið fram af vefuppistöðunni.



## KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum listaverk þar sem uppistaða þeirra er óhefðbundin og bendir þeim á að hægt er að hugsa út fyrir kassann þegar kemur að efniviði í verkefnum.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Þrjár trjágreinar
- Hnífur eða skæri
- Garn: bómullargarn í uppistöðu
- Lopi í ívafi, bæði Álafoss- og Léttlopi, tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá
- Nál notuð til þess að vefa

## LEITARORÐ:

Vefnaður, ***weaving***, einskefta, vaðmál, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist*.

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, vaðmál, endurnýting.

**VERKEFNIÐ**

Vefnaðaraðferð: einskefta í hring

1. Veljið fyrirmynd til að vinna út frá.
2. Veljið garn og skrautgarn, **mynd 1**.
3. Bylgjupappi er skorinn í hring og mælt fyrir vefuppistöðunni. Passa þarf að hafa oddatölu á flipunum en þeir eru 13 hér á **mynd 2** og **3.**
4. Pappinn klipptur, **mynd 3**.
5. Byrjað að vefa með aðalívafsgarninu, ofið er þéttingsfast til þess að spenna myndist og mótast fyrir skál, **mynd 4**.
6. Ofið með snæri og skrautgarni til skiptis, **mynd 5**.

. Skrautgarn er síðan þrætt upp og niður í gegnum efstu tvær til þrjár umferðirnar af vefnaðinum. Allan hringinn til þess að vefnaðurinn festist og fari ekki út af vefuppistöðunni, **mynd 6**.

**SAMRÆÐUSPURNINGAR**

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að mæla fyrir vefuppistöðunni?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að vefa í uppistöðu sem er frekar óþjál?


mynd 1


mynd 2


mynd 3


mynd 4


mynd 5


mynd 6

# 10. Mottan mín

### STUTT LÝSING

Verkefnið felur í sér að nemendur fá að kynnast því að vefa einskeftuvefnað í óhefðbundna vefuppistöðu. Um samvinnuverkefni er að ræða og hver og einn nemandi getur lagt sitt af mörkum í verkefnið. Einnig má nýta verkefnið sem einstaklingsverkefni. Grófur vefnaður og prjón er vinsælt í híbýlaskreytingum. Falleg motta eða skreyting á vegg gerir daginn skemmtilegri. Litirnir í myndinni endurspeglast í verkinu.

---

### HÆFNIVIÐMIÐ

Sjá á bls. 62.

### TÍMALENGD

Ekki hægt að tímasetja þar sem um samvinnuverkefni er að ræða.

### GRUNNÞÆTTIR MENNTUNAR

☐ læsi ✔ sjálfbærni ☐ heilbrigði og velferð

✔ lýðræði og mannréttindi ✔ jafnrétti ✔ sköpun

### SAMÞÆTTING

Hægt er að samþætta verkefnið við hönnun og smíði og útbúa annars konar ramma undir vefnaðinn.

---

### MARKMIÐ VERKEFNISINS ERU AÐ

- nemendur vinni saman að einu verkefni á lengri tíma,
- nemendur geti alltaf gripið í verkefnið þegar þeir bíða eftir aðstoð við annað verkefni sem þeir eru að fást við,
- nemendur geti nýtt verkið sem skreytingu í skólastofu s.s. á vegg, í glugga, sem mottu á stól eða gólf.



## KVEIKJA

Kennari sýnir nemendum stór listaverk þar sem margir listamenn hafa sameinast um að búa það til. Nemendur geta nýtt þau sem innblástur í að velja sameiginlega fyrirmynd fyrir samvinnuverkefni þeirra.

## EFNI OG ÁHÖLD

- Húllahringur
- Borvél
- Garn: þykkt bómullargarn eða annað garn og tilvalið að endurnýta garn úr efnisveitum skólans eða annars staðar frá

## LEITARORÐ:

Vefnaður, *weaving*, einskefta, Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat, *textile artist.*

## LISTAMENN

Ásgerður Búadóttir, Lucy Poskitt, Terra Fuller, Tammy Kanat.

## HUGTÖK

Vefnaður, einskefta, endurnýting.

## VERKEFNIÐ

Vefnaðarðferð: einskefta í hring

1. Kennari undirbýr verkefnið þar sem um samvinnuverkefni er að ræða.
2. Kennari í samvinnu við nemendur velur mynd sem ofið er eftir og nemendur velja litina hverju sinni.
3. Kennari reiknar út bilin á milli uppistöðuþráðanna eða fær nemendur til að gera það. Passa þarf að hafa uppstöðuþræðina oddatölu, **mynd 5**.
4. Kennari borar göt í húllahringinn eftir útreikningum (hér eru 17 göt).
5. Kennarinn þræðir uppistöðugarnið í gegnum götin og hnýtir hnúta, **mynd 3**.
6. Kennarinn hnýtir ívafsgarnið í miðjuna til þess að festa það og vefur fyrstu umferðina til þess að fela endann, síðan vefa nemendur til skiptis, **mynd 6**.
7. Nemendur vefa með mismunandi litum og hnýta saman endana þegar skipt er um lit **mynd 7**.
8. Þegar búið er að vefa þá klippir kennarinn á hnútana sem héldu uppistöðunni og tekur þá í gegnum húllahringinn. Nýr hnútur er hnýttur með tveimur endum í einu og á einum stað þarf að festa þrjá enda saman, **mynd 8**.

## SAMRÆÐUSPURNINGAR

- Hvað finnst ykkur þið hafa lært af þessu verkefni?
- Hvað finnst ykkur áhugaverðast við vefnaðartæknina?
- Hvernig gekk að fara eftir verkefnalýsingunni?
- Hvað fannst ykkur erfiðast við að vefa í uppistöðu sem er svona stór?
- Hvernig finnst ykkur að vinna að sameiginlegu verkefni í stað þess að gera ykkar eigið?


mynd 1


mynd 2


mynd 3


mynd 4


mynd 5


mynd 6


mynd 7


mynd 8


mynd 9


mynd 10

# Magn af garni

Hér fyrir neðan má sjá hve mikið magn af garni fór í hvert verkefni. Hafa ber í huga að það fer alltaf eftir því hve fast er ofið og hve stórt verkið er hversu mikið magn þarf. Hér er því einungis um viðmið að ræða. Eins kemur fram hvaða litir voru valdir í verkefnin en auðvitað er það hvers og eins nemanda að velja garn út frá fyrirmynd sinni.

**Ýmist er mælt í sentímetrum, metrum eða grömmum.**

**1. Plaströrsfígúra**
Garn inn í rörin sem uppistaða = 160 cm Léttlopi
Hár = 180 cm Álafosslopi
Andlit = 32 cm Léttlopi
Hendur = 180 cm Álafosslopi
Búkur = 115 cm Álafosslopi
Buxur = 75 cm Léttlopi
Skálmar = 75 cm Léttlopi
Fætur neðst = 15 cm Léttlopi

**2.a Íspinnafjör –Skraut**
Hvítur Léttlopi = 200 cm
Bleikur Léttlopi = 400 cm
Silfurlitað skrautgarn = 400 cm

**2.b Íspinnafjör – Maríubjalla**
Rauður Léttlopi = 450 cm
Svartur Léttlopi = 450 cm

**2.c Íspinnafjör – Froskur**
Grænn Léttlopi = 450 cm
2x Föndur augu

**3. Óhefðbundinn vefstóll**
Ljósgrænn Léttlopi = 310 cm
Grænn Léttlopi = 250 cm

**4.a Skrautsteinn – Fiskinet – sökkva**
Hvítt bómullargarn = 162 cm
Bleikt bómullargarn = 198 cm

**4. b Skrautsteinn – Fiskinet – vaðmál**
Svartur Álafosslopi = 88 cm
Bleikur Álafosslopi = 234 cm

**5. Skál fyrir hringi**
Bómullargarn = 10 m
Fjólublár Álafosslopi = 1 g
Rauður Léttlopi = 2 g
Bleikur Álafosslopi = 2 g
Ljós bleikur Álafosslopi = 2-3 g
Hvítur Álafosslopi = 2 g

**6. List í disk**
Brúnt Einband = 413 cm
Rauður Léttlopi = 80 cm
Gulur Léttlopi = 80 cm
Grænn Léttlopi = 80 cm
Blár Léttlopi = 80 cm
Fjólublár Álafosslopi = 80 cm

**7. Hengdu mig upp**
Bómullargarn = 183 cm
Hvítt akrýlgarn = 10 g
Ljósblátt akrýlgarn = 8 g
Blátt akrýlgarn = 19 g

**8. Fjallið fagra**
Bómullargarn = 780 cm
Grænn Léttlopi = 450 cm
Dökkblár Álafosslopi = 450 cm
Ljósblár Léttlopi = 600 cm
Hvítur Léttlopi = 100 cm

**9. Randalína**
Snæri = 10 m
Skrautgarn = 15 m

**10. Mottan mín**
Blátt þykkt bómullargarn = 147 g
Gult þykkt bómullargarn = 72 g
Hvítt þykkt bómullargarn = 84 g
Bleikt þykkt bómullargarn = 100 g

**Heimildir**

Sigríður Halldórsdóttir. (1965). Vefnaðarfræði. Reykjavík: Sigríður Halldórsdóttir.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

# Hæfniviðmið fyrir textílmennt

Í töflunni má sjá hvernig verkefnin falla að hæfniviðmiðum aðalnámskrár við lok 7. bekkjar. Aðlaga má fleiri verkefni þannig að þau falli undir hæfniviðmiðin. Eins er hægt að aðlaga sum verkefni að hæfniviðmiðum á yngsta stigi, sérstaklega fyrstu verkefnin og að elsta stigi..

**Við lok 7. bekkjar getur nemandi:**

| **Handverk, aðferðir og tækni** | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum, | | | | | | | | | | |
| unnið með einföld snið og uppskriftir. | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |

| **Sköpun, hönnun og útfærsla** | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| þróað eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla, | X | X | X | | | X | X | X | X | X |
| útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíla og textílvinnu. | | | | | | | | | | |

| **Menning og umhverfi** | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni, | X | X | X | X | X | X | X | X | | |
| gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúruefna og gerviefna, | | | | | | | | | | |
| sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir, | | | | X | | | | | | |
| gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum. | X | X | X | **X** | X | X | X | X | X | X |

| **Sameiginleg hæfniviðmið fyrir list- og verkgreinar** (Menningarlæsi) | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | 7 | 8 | 9 | 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði, | | | | | | | | | | X |
| haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| gert grein fyrir menningarleguhlutverki list- og verkgreina, | | | | | | | | | | |
| gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði, | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |
| lagt mat á eigin verk og sýnt skilning vönduðum vinnubrögðum. | X | X | X | X | X | X | X | X | X | X |



# Að vefa utan vefstóls

Með þessu verkefnahefti er markmiðið að kynna og vekja áhuga nemenda á vefnaði sem er ein af grunnaðferðum textílgreinarinnar. Að sýna fram á að hægt sé að læra grunnatriði í vefnaði án mikillar fyrirhafnar og á skapandi hátt.

Í verkefnaheftinu eru hugmyndir að verkefnum sem unnin eru fyrir utan hefðbundinn vefstól með endurnýtingu að leiðarljósi. Unnið er með fjölbreyttar vefuppistöður sem fá nýjan tilgang í tilverunni.

Verkefnin henta vel nemendum á miðstigi grunnskólans en hægt er að aðlaga þau að yngri og eldri nemendum. Útfæra má verkefnin á marga vegu.

Höfundur efnis er Hanna Ósk Helgadóttir.

ISBN-13: 978-9979-0-2417-0
9 789979 024170

MENNTAMÁLASTOFNUN

40215